# Fimmtudagur 23. mars



## SJÓNVARPIÐ

15.20 **Látbragðsleikur í Iðnó.** – Frá Listahátíð 1988. Franski látbragðsleikarinn Yves Lebreton heimsótti Ísland sl. ár og sýndi á Listahátíð látbragðsleik. Yves hefur farið víða um heim og sýnt látbragðsleik sinn við miklar vinsældir. Hann hefur einnig kennt og haldið námskeið í list sinni víða um Evrópu.
16.40 **Pési rófulausi.** (Pelle svanslöse i Americat). Ný sænsk teiknimynd eftir Jan Gissberg og Stig Lasseby, byggð á sögu eftir Gösta Knutsson. Pelle Svanslös er kurteis og blíður köttur frá Uppsölum. Hann heldur til Ameríku og lendir þar í miklum ævintýrum. Þýðandi Hallveig Thorlacius.
18.00 **Heiða (39).** Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Stundin okkar – endursýning.** Umsjón Helga Steffensen. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Endalok heimsveldis.** Íran. Bresk fræðslumynd um hnignun breska heimsveldisins. Þýðandi Gylfi Pálsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Á sveimi.** Skúli Gautason drepur niður fæti á ýmsum stöðum á milli Mýrdals og Egilsstaða, spjallar við fólk og spyr ýmissa áleitinna spurninga sem heyrast sjaldan hér á höfuðborgarsvæðinu. Austfirðingar leika á hljóðfæri og hefja upp raust sína eins og þeim einum er lagið. Stjórn upptöku Gísli Snær Erlingsson.
21.05 **Bundinn í báða skó.** (Ever Decreasing Circles). Breskur gamanmyndaflokkur með Richard Briers í aðalhlutverki.
21.40 **Kristján Jóhannsson á tónleikum.** Upptaka frá tónleikum Kristjáns Jóhannssonar í Háskólabíói fyrir skömmu.
22.00 **Fremstur í flokki.** (First Among Equals). Fjórði þáttur. Breskur framhaldsmyndaflokkur í tíu þáttum byggður á sögu eftir Jeffrey Archer. Leikstjórar John Corrie, Brian Mills og Sarah Harding. Aðalhlutverk David Robb, Tom Wilkinson, James Faulkner og Jeremy Child. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
22.50 **Spekingarnir spjalla.** Nóbelsverðlaunahafar á sviði vísinda ræða hlutverk sitt í nútíma þjóðfélagi. Þýðandi Jón O. Edwald. (Nordvision – Sænska sjónvarpið).
00.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

10.00 **Tao Tao.** Teiknimynd með íslensku tali um fallegan pandabjörn og vini hans.
10.25 **Dýrin hans Nóa.** Teiknimynd.
10.50 **Konungur dýranna.** Teiknimynd.
11.15 **Jói og baunagrasið.** Teiknimynd.
11.40 **Ævintýri H.C.Andersen. Næturgalinn.** Teiknimynd með íslensku tali.
12.05 **Lína langsokkur** Fyrri hluti leikinnar barnamyndar sem byggð er á hinum vinsælu bókum Astrid Lindgren. Seinni hluti verður sýndur á morgun.
12.30 **Þrumufuglinn.** Spennumyndaflokkur um fullkomnustu og hættulegustu þyrlu allra tíma og flugmenn hennar. Aðalhlutverk: Jan-Michael Vincent og Ernest Borgnine.
13.20 **Snakk** Tónlist úr öllum áttum. Fyrri hluti. Seinni hluti verður á dagskrá næstkomandi fimmtudag.
13.55 **Greystoke – goðsögnin um Tarsan.** The Legend of Tarsan. Einstaklega vel gerð mynd um Tarsan byggð á hinni upprunalegu sögu eftir Edgar Rice Burrough. Aðalhlutverk: Christopher Lambert, Cheryl Campell, James Fox og Nigel Davenport. Leikstjóri: Hugh Hudson.
16.00 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.45 **David Copperfield.** Enski rithöfundurinn Charles Dickens hefur skrifað mörg sígild verk bókmenntasögunnar. Þau fjalla yfirleitt um lítilmagnann í þjóðfélaginu. Eftir sögu hans David Copperfield hafa verið gerðar að minnsta kosti tvær kvikmyndir. Sú fyrri var gerð árið 1935 en sú síðari og sú sem nú verður sýnd var gerð árið 1970. Aðalhlutverk: Robin Phillips, Pamela Franklin, Edith Evans og Emlyn Williams. Leikstjóri: Delbert Mann.
18.40 **Handbolti.** Sýnt verður frá leik í 1. deild karla í handbolta.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.** Murder She Wrote. Sakamálaþáttur með Angelu Lansbury í aðalhlutverki.
21.20 **Forskot á Pepsí popp.** Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.
21.30 **Í slagtogi.** Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson. Dagskrárgerð: Gunnlaugur Jónasson.
22.15 **Monte Carlo.** Ný, bandarísk framhaldsmynd í tveimur hlutum sem greinir frá afdrifum yfirstéttarfólks í Evrópu í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar. Þessi afmarkaði hópur hafði í fá hús að venda og leitaði því athvarfs í Monte Carlo þar sem viðstöðulaus ævintýri spilavítanna og skemmtanaiðnaðarins tóku við. Aðalhlutverk: Joan Collins, George Hamilton, Malcolm McDowell og Peter Vaughan.
23.45 **Sverð Arthúrs konungs.** Excalibur. Myndin lýsir örlögum Arthúrs konungs frá barnæsku þar til hann lætur lífið. Við sögu kemur einnig hinn dularfulli töframaður Merlin, sem er örlagavaldur allra vegna kynngi sinnar. Ástarævintýrum Gueneve drottningar og Arthúrs annars vegar og Sir Lancelots hins vegar eru gerð góð skil. Aðalhlutverk: Nigel Terry, Helen Mirren, Nicholas Clay og Cherie Lunghi. Leikstjórn: John Boorman. Alls ekki við hæfi barna.
02.00 **Heiður Prizzi.** Prizzi's Honor. Myndin fjallar um tvo mafíumeðlimi sem hittast í brúðkaupi og verða ástfangin, en sá er galli á gjöf Njarðar að þau eru ekki í sama mafíuflokknum. Aðalhlutverk: Jack Nicholson og Kathleen Turner. Leikstjóri: John Huston. Alls ekki við hæfi barna.
4.05 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

7.45 **Tónlist.** Bæn, dr. Bjarni Sigurðsson flytur.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.**
8.20 **Morgunlög frá ýmsum löndum.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – Sögustund með Iðunni Steinsdóttur, sem segir söguna af Færilúsarrassinum. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunmiðmundi með Leifi Þórarinssyni.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Messa í Bústaðakirkju á vegum samstarfsnefndar kristinna trúfélaga.**
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Fermingin. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska", ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar, skráð af Þórbergi Þórðarsyni. Pétur Pétursson les (18.)
14.00 **Snjóalög** – Inga Eydal. (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Leikrit vikunnar:** „Dægurvísa" eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Fyrsti þáttur: Morgunn. Leikstjóri: Bríet Héðinsdóttir. Útvarpshandrit: Höfundur og leikstjóri. Leikendur: Gísli Alfreðsson, Margrét Guðmundsdóttir, Þórður Jón Þórðarson, Arna Einarsdóttir, Þorsteinn Ö. Stephensen, Steinunn Jóhannesdóttir, Steinunn Ó. Þorsteinsdóttir, Helga Bachmann, Sigurður Skúlason, Erlingur Gíslason, Auður Guðmundsdóttir og Sigríður Hagalín. (Áður á útvarpað í júlí 1974.) (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarið** – Páskahátíðin. Þórir Jökull Þorsteinsson kemur í Barnaútvarpið og ræðir um páskahátíðina. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **„Musica Antiqua".** Snorri Örn Snorrason, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir, Camille Söderberg o.fl. flytja andlega og veraldlega tónlist frá 16. og 17. öld. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir.
18.00 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.20 **Tilkynningar.**
19.22 **Daglegt mál.** Baldur Sigurðsson flytur.
19.27 **Kviksjá** – Innblástur úr Biblíunni. Sitthvað um trúarlegan skáldskap og skáldskap sem leitar fanga í Biblíunni. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – Sögustund með Iðunni Steinsdóttur sem segir söguna af Færilúsarrassinum. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.**
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Ímynd Jesú í bókmenntum.** Gunnar Kristjánsson leggur út af „Heimsljósi" Halldórs Laxness. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
23.10 **Á fjallastigum Mæjorku.** Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
00.05 **Kjördóttir Appollós.** Svolítið af söngferli Guðrúnar Á. Símonar. Umsjón: Sveinn Einarsson. (Þættinum var áður útvarpað í apríl á síðasta ári.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.00 **Árdegis á Rásinni.**
10.05 **Cornelis Vreeswijk á sína vísu.** Fyrsti þáttur af fjórum í umsjá Jakobs S. Jónssonar um sænska vísnasmiði.
11.00 **Gettu!** Sigurður G. Tómassson stjórnar spurningakeppni með þátttöku fjölmiðlafólks.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
13.30 **Um ljúfan dreng sem lifir enn.** Hreinn Valdimarsson minnist Buddy Holly og rekur sögu hans í tali og tónum. (Áður flutt 3. og 4. f.m.)
16.05 **Síðdegis á rásinni.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.20 **Björn Thoroddsen og félagar leika.**
19.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins** – Mælsku- og rökræðukeppni íslenskra framhaldsskólanema. Sigrún Sigurðardóttir bregður sér með hljóðnemann í Háskólabíó.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Blús-hátíð á Hótel Borg.** Blúshátíð í beinni útsendingu frá Hótel Borg.
00.10 **Á rólegu nótunum.** Anna Björk Birgisdóttir kynnir.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. agðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Tónlist sem gott er að vakna við, litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð Bylgjutónlist hjá Valdísi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð stemmning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur og Bylgjuhlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.**
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur púlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Hver vinnur 10.000 kallinn? Sá eða sú sem hringir í síma 681900 og er hlustandi númer 102, vinnur 10.000 krónur í beinhörðum peningum. Helgi spilar að sjálfsögðu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
14.00 **Gísli Kristjánsson** spilar óskalögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson stýrir þætti sem fjallar um okkur sjálf, manneskjuna og hvernig best er að öðlast andlegt öryggi, skapa líkamlega vellíðan og sálarlegt jafnvægi. Af líkama og sál er opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti og þú getur komið með þína spurningu til viðmælanda Bjarna Dags.
19.00 **Setið að snæðingi.** Þægileg tónlist á meðan hlustendur snæða kvöldmatinn.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## ALFA FM-102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga.
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Laust.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Laust.**
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Veröld ný og góð eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga. E.**
22.00 **Spilerí.** Tónlistarþáttur.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt til morguns með Árna Kristinssyni.** Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666. Meðal efnis: Kl. 2.00 Við við viðtækið. Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar. E.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MR.**
14.00 **MR.**
16.00 **FÁ.**
18.00 **MH.**
20.00 **FB.**
22.00 **FG.**
24.00 **MH.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.**
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** stjórnar tónlistinni á Hljóðbylgjunni fram til kl. 23.00.
23.00 **Þráinn Brjánsson** leikur þægilega tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**



**Cornelius Vreeswijk lést fyrir fáum árum, aðeins fimmtugur að aldri. Hans verður minnst í útvarpinu á skírdag.**

### Rás 2 kl. 10.05:

# Cornelius Vreeswijk á sína vísu

Þetta er fyrsti þáttur þáttaraðar um sænska vísnasöngvara. Cornelius er mörgum Íslendingum að góðu kunnur síðan hann kom hér upp á skerið í heimsókn árin 1974 og 1975.

Cornelius, sem var hollenskur að uppruna en alinn upp í Svíþjóð, hætti ungur í háskólanámi og lagði fyrir sig vísnasöng. Hann varð frægur meðal blaðalesenda sem óforbetranlegur bóhem og drykkjurútur en á skilið betri örlög en að menn minnist hans einungis fyrir þá hlið. Hann samdi um eða yfir 400 vísur á ferli sínum og orti ljóð.

Umsjónarmaður þáttarins, Jakob S. Jónsson, hefur lagt stund á leikhús- og kvikmyndafræði í Svíþjóð um sjö ára skeið og fengist við vísnasöng sjálfur þar. -Pá



**Mons og félagar sækja hart að Pésa rófulausa.**

### Sjónvarp kl. 16.40:

# Pési rófulausi

Sænsk teiknimynd um köttinn Pésa sem lendir í ótrúlegum ævintýrum. Pési er góðhjartaður nær skottlaus köttur frá Uppsölum í Svíþjóð. Óvinur hans og andstæðingur er hinn illa innrætti Mons sem státar af lengsta skotti í Uppsalasveit og nágrenni.

Leikurinn berst vítt um heiminn frá sænskum sveitum til öngstræta Manhattan í Ameríku og þaðan á lendur Indíána. Illgirni Mons eru engin takmörk sett og Pési garmurinn má hafa sig allan við að missa ekki Minnie unnustu sína í klærnar á honum. -Pá

### Stöð 2 kl. 22.15:

# Monte Carlo

Ný bandarísk framhaldsmynd í tveimur hlutum sem greinir frá afdrifum yfirstéttarfólks í Evrópu í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Þessi afmarkaði hópur hafði í fá hús að venda og leitaði því athvarfs í Monte Carlo þar sem viðstöðulaus ævintýri spilavítanna og skemmtanaiðnaðarins tóku við.

Joan Collins fer með hlutverk kabarettsöngkonu sem beitir töfrum sínum til þess að komast yfir hernaðarleyndarmál fyrir bresku leyniþjónustuna.

Hún lendir í slagtogi við ungan rithöfund sem leikinn er af George Hamilton en samband þeirra hefur afdrifaríkar afleiðingar. Síðari hluti myndarinnar verður sýndur á föstudaginn langa.

Auk þeirra sem áður eru nefnd fara Malcolm McDowell og Peter Vaughan með stór hlutverk í myndinni undir leikstjórn Anthony Page. -Pá



**Skötuhjúin George Hamilton og Joan Collins eru sjónvarpsáhorfendum að góðu kunn.**